

# Dálítil rjetting stafa og hugsunar

## I.

**EINHVERNTÍMA** benti jeg á það, sem fáir hafa þó, fært sjer í nyt, að ekki á að rita „hár-rjett“, heldur „hárjett“. Líkingin er ekki tekin af hári, heldur af há. Há-rjett, sbr. keip-rjett; en „hár“ þýðir hið sama og „keipur“. „Þorgeirr fjell þá svo fast á árar“, segir í Grættlu, „að af gengu báðir háirnir“. Jafnvel í hinna miklu og ágætu orðabók dr. Sigfúsar Blöndals, er ranga orðmyndin, en ekki sú sem rjett er.

Hjer er nú enn nokkur rjetting, sem virðist ekki alveg óskemtileg, og þar sem ræðir um vöntun þessa stafs sem í orðmyndinni „hár-rjett“ er ofaukið. Í síðustu bók dr. Bjarna heit. Sæmundssonar, „Sjórinn og sævarbúar“, — sem jeg vil mik illega ráða mönnum til að lesa — er, s. 134, talað um „aðvífandi fiska“, sem „koma oft inn á grunnsævi og rekur suma all oft á land“. Telur höfundurinn þar m. a. „tunglfiskinn (Orthagoriscus) sem er reglulega suðrænn úthafsfiskur“. Þetta er stór fiskur, getur orðið nálægt 3 metrum á lengd, ef um lengd mætti tala, því að vöxturinn er mjög einkennilegur, svo að t. d. flakrafraðingurinn prófess-

or Lütken, líkir honum við „höfuð með uggu“, og er fiskurinn í hans kenslubók nefndur Mola rotunda (mola, kvarnarsteinn, rotundus, líkur hjóli, kringlóttur). Bendir það nafn í sömu áttina um vaxtarlag hans og nafnið tunglfiskur; en svo heitir hafrn á þýsku (Mond fisch) en á frönsku er jafnvel látið nægja að kalla fiskinn tungl (lune). Vísindanafnið á fiski þessum, er þó oftast það sem dr. B. S. notar, Orthagoriscus, og svo er hann t. d. nefndur í hinna ágætu og heimsfrægu háskólakenslubók í dýrafræði, eftir prófessor C. Claus í Vinarborg.

Nafn þetta, Orthagoriscus, er nú býsna undarlegt, því að gríska orðið „orpos“ þýðir „rjettur“ eða „beinn“, og er erfitt að gera sjer grein fyrir því, hvernig náttúrufræðingurinn, sem fyrstur gaf fiskinum þetta vísindanafn, hefir getað látið sjer koma til hugar, að nota þetta lýsingarorð um skepnu, sem að vaxtarlagi er líkt við kvarnarstein, hjól, og tungl.

Ráðþing gátunnar er sú, að hið rjetta nafn fiskjarins er ekki Orthagoriscus heldur Orthogoriscus. Nafn þetta er

fornt mjög, og ekki í upphafi, eins og mörg vísindanöfn önnur, búið til af vísindamanni, heldur af fiskseljendum (eða — kaupendum). í Apenuborg hinna fornu, og lýtur ekki á neinn hátt að vaxtarlagi þessarar skritnu skepnu; því að „orpros“ þýðir sólaruppkoma, og „agoriskos“ torgvara. Það verður þá einnig skiljanlegt, hvernig eins óskýlt og ólíkt dýr og spenagris, gat heitið þessu sama nafni: Orpragoriskos Grísin og fiskurinn höfðu það sam eiginlegt, að hvorttveggja var komið á sölutorgið um sólarupprás, og sennilega af sömu ástæðu. Dýrafræðingnum, sem fyrst kom til hugar, að nota torgheitið á tunglfiskinum sem vísindanafn, hefir sjest yfir „r“-ið (eða, ef til vill, setjaranum í prentsmiðjunni), og villan svo ekki verið uppgötvuð.

## II.

Rjett er að jeg sæti þessu færi til að láta í ljósi þá ósk, að kensla í grísku verði tekin upp aftur í menntaskólunum. Gríska tungu verður að telja með því allra merkilegasta sem mannlegur andi hefir framleitt, og enginn sem við vísindi fæst eða heimspeki, getur sjer að skaðlausu, verið alveg ófróður um það mál. Ekki er þetta þó svo, að skilja, sem jeg vilji ráða til að verja líkt því eins miklum tíma til grískunáms og

áður var gert. Duga mundi, ef góðir kennarar legðu í menntaskólurum þá undirstöðu, sem þeir gætu svo byggt ofaná síðar, sem áhuga hefðu fengið á þessu fagra máli, eða það þyrftu að nota vegna vísindastarfs.

19. nóv.

## Viðbót.

Chamisso, skáld og náttúrufræðingur, einsog Jónas Hallgrímsson og I. P. Jakóbsen, var með skipinu Rurik, í ferð þess

kringum hnöttinn 1815—'18, og segir í ferðabók sinni, s. 192, að þeir hafi veitt fisk sem hann kallar „syndandi höfuð“, og var það tunglfiskur, en Linné hafði gefið þeirri skepnu nafnið Tetrodon mola. Segir Chamisso rjetti lega, að fiskur þessi sje ekki nein Tetrodontegund. Vísindanafnið Orthagoriscus virðist fiskurinn því ekki hafa fengið fyr en síðar, og veit jeg ekki hver gefið hefir. Chamisso segir að þessi skritni fiskur sje tiltak anlega góður átu, og hve mikill hann er, má marka af því, að hann entiist allri skipshöfninni á Rurik, sem var framundir 40 manns, ekki allfáa daga („auf mehrere Tage“).

Jan.

Hjalti Pjetursson.

12. febrúar 1946